



UMSÓKNIR ÓSKAST

Ungmennafélag Íslands óskar eftir umsóknum frá sambandsaðilum og sveitarstjórnnum um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 23. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður árið 2020 og 9. Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður árið 2019.

23. Unglingalandsmót UMFÍ 2020

Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus íþrótt- og fjölskylduhátíð haldin um verslunarmannahelgina ár hvert. Keppt er í fjölda íþróttagreina í aldursflokkum 11–18 ára. Á Unglingalandsmótum er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Unglingalandsmót UMFÍ hafa á undanförunum árum hlotið góðar viðtökur hjá fjölskyldufólki jafnt sem ungu fólki, enda góður kostur sem heilbrigð skemmtun um mestu ferðahelgi ársins. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Egilsstöðum 2017, Þorlákshöfn 2018 og Höfn í Hornafirði 2019.

9. Landsmót UMFÍ 50+ 2019

Mótið er haldið í byrjun sumars ár hvert. Mótið er sérstaklega ætlað keppendum 50 ára og eldri. Keppt er í fjölda íþróttagreina á mótinu og boðið upp á fjölbreytta afþreyingu og skemmtun ásamt fræðslu. Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Hveragerði 2017 og á Sauðárkróki 2018.

Mikil lyftistöng fyrir bæjarfélög

Unglingalandsmót UMFÍ og Landsmót UMFÍ 50+ hafa verið mikil lyftistöng fyrir bæjarfélögin þar sem þau hafa verið haldin og hleypt líf í innra starf þeirra félaga sem hafa komið að framkvæmd mótanna.

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2017

Nánari upplýsingar og gögn má nálgast á þjónustumiðstöð UMFÍ eða á www.umfi.is
Umsóknum skal skilað til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sígtúni 42, 105 Reykjavík fyrir 31. maí 2017.